

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 1. júlí 2020

Mál nr. E-1437/2019:

A

(Guðbrandur Jóhannesson lögmaður)

gegn

Endurvinnslunni hf. og Vátryggingafélagi Íslands hf.

(Svanhvít Axelsdóttir lögmaður)

Dómur

1. Mál þetta var höfðað 28. mars 2019. Stefnandi er A, [..., ...]. Stefnu eru Endurvinnslan hf., Knarrarvogi 4 í Reykjavík, og Vátryggingafélag Íslands hf., Ármúla 3 í Reykjavík. Aðalmeðferð málsins fór fram 9. júní 2020 og var málið dómtekið að henni lokinni.
2. Stefnandi krefst viðurkenningar á skaðabótaábyrgð stefnda Endurvinnslunnar hf. vegna líkamstjóns á báðum mjöðmum, fótum og ökklum, sem hún varð fyrir þegar sjálfvirk rafmagnshurð í húsi Endurvinnslunnar hf. að Dalvegi 28, Kópavogi, lokaðist á hana þann 19. nóvember 2015. Stefnandi krefst jafnframt viðurkenningar á rétti sínum til vátryggingarþóta úr ábyrgðartryggingu stefnda Endurvinnslunnar hf. hjá stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. (VÍS) vegna líkamstjóns á báðum mjöðmum, fótum og ökklum, sem hún varð fyrir þegar sjálfvirk rafmagnshurð í húsi Endurvinnslunnar hf. að Dalvegi 28, Kópavogi, lokaðist á hana þann 19. nóvember 2015. Þá krefst stefnandi að stefndu verði dæmdir óskipt til að greiða henni 2.798.479 krónur í málskostnað eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Stefnu gera þær kröfur aðallega að verða sýknaðir af öllum kröfum stefnanda en til vara að sök verði skipt og bótaréttur stefnanda viðurkenndur samkvæmt þeirri sakarskiptingu. Í báðum tilvikum gera stefndu kröfu um málskostnað úr hendi stefnanda að mati dómsins.
3. Þann 19. nóvember 2015 átti stefnandi erindi í starfsstöð eða móttökustöð stefnda, Endurvinnslunnar hf., að Dalvegi 28 í Kópavogi. Gengið er inn í húsið um dyr sem lokað er með rafdrifinni hurð sem opnast og lokast sjálfvirk. Er stefnandi var á leið út úr húsinu lokaðist rafmagnshurðin á stefnanda svo að hún missti jafnvægið, féll í gólfið og slasaðist. Stefnandi telur að hurðin hafi verið vanstillt eða biluð og öryggisbúnaður hennar hafi ekki verkað rétt. Á þessu telur stefnandi að stefndi, Endurvinnslan, beri

ábyrgð en Endurvinnslan hf. er með ábyrgðartryggingu hjá stefnda, VÍS. Samkvæmt vottorði læknis voru áverkar stefnanda eftir slysið tognun og ofreynsla á mjöðm, mar á ótilgreindum hluta fótleggjar, tognun og ofreynsla á ökkla og mar á ótilgreindum hlutum fóta. Í lok vottorðsins segir: *Hér er þannig um 73 ára gamla konu sem verður fyrir því að sjálflokandi hurð lendir á henni og hún dettur illa og fær mikið mar einkum á hægra mjaðmarsvæði niður fótinn og ökkla og eins á vinstri ökkla. Lagðist meira og minna í rúmið í margar vikur, komst þannig ekkert út um jólin og ekki fyrr en 10. febrúar að hún fer út úr húsi og þá til mín og hefur lítið farið síðan annað en það allra nauðsynlegasta.* Stefnandi tilkynnti um tjón sitt til stefnda VÍS í janúar 2016 og krafðist þess að tjónið yrði bætt úr ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar stefnda Endurvinnslunnar. Í kjölfar bréfaskrifta fór það svo að VÍS hafnaði bótaskyldu fyrir hönd stefndu í febrúar 2017.

Málatilbúnaður stefnanda

4. Stefnandi telur að umrætt sinn hafi nefnd rafmagnshurð lokast skyndilega á hana án þess að hún fengi rönd við reist og fellt hana svo að hún slasaðist. Stefnandi telur sig hafa sýnt fram á það með frásögn og vætti fyrrum starfsmanns stefnda Endurvinnslunnar, B, sem varð vitni að hinu umþrætta tjónsatviki, að hurðin hafi verið biluð eða vanstillt er slysið varð og að hurðin hefði verið endurstillt til að opnast við minna mótvægi eftir slysið. Stefnandi grundvallar málatilbúnað sinn á því að hurðin í húsi stefnda Endurvinnslunnar, sem lokaðist á hana og olli henni líkamstjóni, hafi verið vanstillt og gölluð. Röng stilling á hurðinni hafi gert það að verkum að hurðin, sem opnast og lokast sjálfvirkt, hafi ekki stoppað við eðlilegt viðnám, t.d. ef einhver stóð fyrir henni. Af þessum sökum hafi hurðin, og þar með aðstæður í húsnæði stefnda Endurvinnslunnar, sem viðskiptavinir fyrirtækisins eiga leið um, verið óforsvaranlegar og raunar beinlínis hættulegar viðskiptavinum. Þar sem stefndi Endurvinnslan bjóði fram þjónustu á almennum markaði og laði til sín viðskiptavini telur stefnandi að gera verði sérstaklega ríkar kröfur til aðstæðna og aðbúnaðar í húsnæði á hans vegum, þar á meðal að öryggi viðskiptavina sem þar eiga leið um sé tryggt. Þar sem misbrestur hafi orðið á þessu með þeim afleiðingum að umrædd hurð hafi ekki verkað sem skyldi og af henni stafað hætta, og hún valdið stefnanda líkamstjóni, teljist stefndi Endurvinnslan hafa sýnt af sér saknæma og ólögmeta háttsemi sem sé orsök tjóns stefnanda. Fyrirtækið beri því bótaábyrgð á tjóni stefnanda samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar og beri stefndi VÍS sömuleiðis ábyrgð á tjóninu sem vátryggjandi meðstefnda á grundvelli ábyrgðartryggingar hans hjá félaginu.

5. Stefnandi telur að ekki liggi fyllilega fyrir hvaða öryggisbúnaði hurðin sem slysinu olli var búin umrætt sinn. Þannig sé ágreiningur milli aðila um það hvort hurðin hafi verið með sjónskynjara eða ljósagirðingu þegar slysið hafi átt sér stað eður ei. Að mati stefnanda var hurðin ekki með sjónskynjara og gaf þar að leiðandi ekki eftir fyrr en við fyrirstöðu, þannig að hurðin skelltist á stefnanda með þeim afleiðingum að hún féll í jörðina. Stefnandi telur að stefndu beri sönnunarbyrði fyrir hinu gagnstæða, enda standi það þeim nær að sýna fram á hvernig búnaði í húsnæði stefnda Endurvinnslunnar var háttað að þessu leyti. Jafnvel þótt talið væri sannað að hurðin hefði verið með sjónskynjara, þá sé ljóst að mati stefnanda að viðnámsskynjarinn, sem stefndi VÍS haldi fram að hurðin hafi búið yfir, hafi verið bilaður eða að minnsta kosti rangt stilltur og það hafi leitt til þess að hurðin stoppaði ekki þegar hún lenti á fyrirstöðu. Þetta telur stefnandi að hafi stoð í vætti B, fyrrum starfsmanns stefnda Endurvinnslunnar. Hann hafi staðfest að hurðin hafi ekki stoppað strax þegar hún lokaðist á stefnanda og enn fremur að hurðin hafi verið vanstillt. Þá hafi hann upplýst að stefndi Endurvinnslan hafi brugðist við eftir atburðinn með því að hurðin hafi verið endurstillt til að opnast aftur við minna mótvægi. Eins hefði vitnið talið að hægt hefði verið að koma í veg fyrir slysið ef hurðin hefði verið stillt fyrir atvikið eins og hún var stillt eftir það. Engin skýrsla eða gögn hafi hins vegar fengist frá stefndu um viðgerðir á hurðinni, þrátt fyrir áskoranir þar um. Þannig hafi ekki fengist upplýsingar um hver sá um viðgerðina á hurðinni eða í hverju hún var fólgin. Hallan af sönnunarskortu sem stafar af þessu verði stefndu að bera að mati stefnanda.
6. Stefnandi vísar til þess að ráða megi af dómafordæmum Hæstaréttar að almennt sé lögð rík skylda á eigendur og umráðamenn fasteigna sem notaðar séu til atvinnurekstrar eða þar sem tekið er á móti viðskiptavinum til að gera ráðstafanir sem sanngjarnar mega teljast til að tryggja öryggi þeirra sem þar eiga leið um og gæta þurfi vel að umferðarleiðum og hafa þær hættulausar. Þetta eigi vissulega við um stefnda, Endurvinnsluna, sem leitist við að laða til sín fólk og beri því að gera ríkar kröfur til þess að fyrirtækið tryggi viðskiptavinum sínum sem mest öryggi, meðal annars með því að tryggja öruggar aðgönguleiðir í gegnum dyr fyrirtækisins. Að mati stefnanda brást stefndi þeim skyldum sínum. Stefnandi vísar til byggingarreglugerðar nr. 112/2012, einkum þess sem segi í grein 6.3.1, um að innganga í byggingu skuli vera þægileg og örugg öllum. Einnig vísar stefnandi þess sem komi fram í grein 12.3.1, um að byggingar

og lóðir skuli þannig hannaðar og byggðar að hætta á slysum sé í lágmarki. Þá komi fram í sömu reglugerð að almennt skuli þannig gengið frá hurðum að ekki skapist hætta við notkun þeirra. Öryggisbúnaður skuli vera á öllum vélknúnum hurðum sem virki bæði við opnun þeirra og lokun. Pumpur skuli ávallt hæfa viðkomandi hurð og skuli búnaður vera þannig gerður að ekki verði slyshætta og aðgengi allra sé tryggt. Þetta telur stefnandi, af því sem fram sé komið, að hafi brugðist hjá stefnda Endurvinnslunni.

7. Með vísan til framangreinds telur stefnandi að um óforsvaranlegar aðstæður hafi verið að ræða þegar hurðin skelltist á hana með þeim afleiðingum að hún datt og slasaði sig. Hurðarbúnaðurinn hjá Endurvinnslunni hf. verði að henta öllum þeim sem þar eiga leið um, enda um fjölfarna inn- og útgönguleið að ræða sem fjöldi viðskiptavina fer um daglega. Frágangi og búnaði hurðarinnar hafi verið ábótavant og farið gegn fyrirmælum gildandi byggingarreglugerðar og brotið í bága við sum ákvæði hennar. Stefnda Endurvinnslunni hafi mátt vera ljós sú hætta sem stafaði af hurðarbúnaðinum. Stefnandi telur að á stefnda hafi jafnframt hvílt skylda til að hafa eftirlit með því að aðkomuleiðir að húsi félagsins væru öruggar. Þessari skyldu hafi Endurvinnslan brugðist.
8. Stefnandi krefst þess að viðurkennd verði skaðabótaskylda vegna fyrrgreinds atviks og tjóns og vísar til þess að óumdeilt sé að stefnandi hafi orðið fyrir verulegu líkamlegu tjóni vegna framangreinds atviks. Þá hafi hún orðið fyrir verulegum miska, verið rúmliggjandi í tæpa þrjá mánuði og lést um 14 kg á tímabilinu. Hún hafi einangrast félagslega og þetta hafi tekið verulega á sálarlíf hennar. Auk þess sem ljóst sé að hún hafi orðið fyrir varanlegu líkamstjóni og sé hún nú bundin hjólastól. Þar sem í máli þessu sé einungis krafist viðurkenningar á bótaskyldu, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, nægi að mati stefnanda að hún sýni fram á að hún hafi orðið fyrir tjóni sem sé bótaskyld, sbr. dómaframkvæmd Hæstaréttar. Telur stefnandi sig hafa fullnægt þeim áskilnaði, samanber framangreindan málatilbúnað og gögn málsins. Þá er að mati stefnanda ljóst að skilyrði um orsakatengsl og sennilega afleiðingu séu uppfyllt. Orsök tjónsins sé vanræksla stefnda Endurvinnslunnar við að gæta þess að hurðin væri í forsvaranlegu ástandi. Stefndi Endurvinnslan hafi ekki uppfyllt þá skyldu sína að gæta þess að ekki stafaði hætta af hurðinni. Stefndi Endurvinnslan hafi ekki sýnt þá varkárni og aðgæslu sem ætlast hafi mátt til af honum, sem fyrirtæki í þjónustu, sem auglýsi sig og laði til sín viðskiptavini. Jafnframt hafi eftirlitsskylda stefnda Endurvinnslunnar verið vanrækt.

Afleiðing þeirrar háttsemi sé varanlegt líkamstjón stefnanda. Með vísan til þessa og þess að stefndi Endurvinnslan beri bótaábyrgð á tjóni stefnanda samkvæmt almennum reglum beri stefndi VÍS, sem vátryggjandi, jafnframt óskipta ábyrgð á umræddu tjóni á grundvelli ábyrgðartryggingar sem Endurvinnslan hafi hjá félaginu.

Málatilbúnaður stefndu

9. Aðalkrafa stefndu um sýknu byggir á því að ósannað sé að umstefnt atvik hafi orðið af ástæðum sem Endurvinnslan sem vátryggingartaki beri sakarábyrgð á með þeim hætti sem stefnandi heldur fram og byggir kröfur sínar á. Að mati stefndu sé augljóslega um að ræða atvik sem eingöngu sé að rekja til óhappatilviks sem engum verði gert að bera ábyrgð á og/eða atriða sem séu alfarið á ábyrgð stefnanda sjálfrar. Auk þess séu atvik um margt óljós. Stefndu vísa til þess að réttur stefnanda til bóta úr ábyrgðartryggingu Endurvinnslunnar hjá VÍS grundvallist á sakarreglu og að í málinu gildi því almennar sönnun-arreglur skaðabótaréttar. Stefndu telja að það leiði af þeim reglum að stefnandi beri alla sönnunarbyrðina fyrir því að hún eigi bótarétt úr nefndri tryggingu. Þá sé ekkert í málinu sem leiði til þess að slaka skuli á sönnunarkröfum og/eða sönnunarbyrði sé að einhverju leyti snúið við. Stefndu byggja sýknukröfu sína á því að óljóst sé hvernig það vildi til að stefnandi féll í umrætt sinn og af þeirri óvissu um atvik leiði að ekki komi annað til álita en sýkna stefndu. Það standi enda stefnanda næst að tryggja sér sönnun um þau atvik sem hún byggir kröfur sínar á og beri hún allan hallann af skorti á sönnun um þau atriði.
10. Stefndu vísa í því sambandi til þess að óljóst sé hvort einhver vitni hafi verið að því sem gerðist og ekki sé uppvíst nákvæmlega hvers vegna stefnandi missti fótanna. Kunni allt eins að vera að stefnandi hafi misst jafnvægið af öðrum ástæðum en hún heldur fram. Vætti vitnisins B, fyrrum starfsmanns stefnda Endurvinnslunnar, sé óljóst og að nokkru villandi um atvikin. Sýknukrafa stefndu byggir á því að ósannað sé að umstefnt atvik hafi orðið af ástæðum sem Endurvinnslan beri að lögum skaðabótaábyrgð á og af því leiði að stefnandi eigi ekki rétt til að fá bætur úr ábyrgðartryggingu Endurvinnslunnar hjá VÍS.
11. Þá telja stefndu að af lýsingu atvika í stefnu megi ljóst vera að ástæða þess að stefnandi missti jafnvægið og féll hafi verið að þegar hún var að leið út úr húsinu um sjálfvirka rafdrifna hurð, hafi hún staðnæmst í dyragættinni. Ástæðan hafi þannig eingöngu verið sú, að hún gætti ekki nægilega að sér er hún fór um umræddar dyr. Sú óaðgæsla endurspeglast að mati stefndu í því að hún hafi ákveðið að eigin frumkvæði og að

ástæðulausu að stoppa í dyragættinni, þótt hún vissi um sjálfvirkni hurðarinnar í tengslum við skynjun á hreyfingu. Liggi enda ekki annað fyrir en að stefnanda hafi verið fullkunnugt um að hurðin var sjálfvirk enda hafði hún farið um dyrnar á leið inn í húsið og margoft áður. Megi þannig ætla að hefði stefnandi ekki staðnæmst í dyragættinni hefði slysið ekki orðið. Meginorsök þess að stefnandi hafi missti jafnvægið og dottið í umrætt sinn hafi því verið að hún sýndi ekki þá aðgát sem eðlilegt og sanngjarnt sé að ætlast til að sýnd sé í slíkum aðstæðum, sem og almennt í lífinu. Gildi sú almenna regla að fólk verði að sýna eðlilega aðgæslu í hverju því sem það aðhefst, og hvort sem gengið er um dyr sem þessar eða annars staðar. Stefndu benda á að hafi stefnandi talið sig eiga erfitt með að fara þarna um, til dæmis vegna erfiðleika með gang, þá hefði ekkert verið því til fyrirstöðu að hún kallaði eftir aðstoð. Það hafi hún hins vegar ekki gert og beri hún sjálf alla ábyrgð á því. Stefndu telja því að hér hafi augljóslega verið um að ræða hreint óhappatilvik sem engan varði bótaábyrgð að lögum og/eða atvik sem eingöngu sé að rekja til aðgæsluleysis stefnanda sjálfrar. Í því tilviki komi ekki til bótaábyrgðar Endurvinnslunnar þar sem atvikið verði ekki rakið til saknæmis af hálfu fyrirtækisins.

12. Stefndu byggja sýknukröfu sína á því að saknæm háttsemi Endurvinnslunnar eða einhvers sem félagið ber að lögum skaðabótaábyrgð á sé ósönnuð. Stefndu vísa til þess að málatilbúnaður stefnanda byggist á því að Endurvinnslan beri sakarábyrgð á atviki málsins þar sem aðbúnaður í húsnæði Endurvinnslunnar að Dalvegi 28 hafi verið óforvaranlegur. Það hafi nánar falist í því að hurðin sem um ræðir hafi verið vanstillt og gölluð. Þetta hafi gert að verkum að hurðin, sem opnast og lokast sjálfvirkt, hafi ekki stoppað við eðlilegt viðnám og byggir stefnandi á að hurðin hafi ekki verið með sjónskynjara. Stefndu hafna því alfarið að um saknæma háttsemi af hálfu Endurvinnslunnar hafi verið að ræða með þeim hætti sem stefnandi heldur fram og byggir á. Telja stefndu allar fullyrðingar stefnanda um meinta sök með öllu ósannaðar. Þá sé því sérstaklega hafnað að beita eigi strangara sakarmati í tilviki Endurvinnslunnar á þeim forsendum sem stefnandi byggir á. Stefndu hafna því að þeir dómur sem stefnandi vísar til hafi fordæmisgildi í þessu máli. Í engu þeirra mála séu atvik og aðstæður sambærilegar og í máli þessu. Þá hafna stefndu því sem röngu og ósönnuðu að umrædd hurð hafi verið vanstillt að einhverju leyti eða búnaður hennar gallaður eða bilaður. Stefndu, sem haldi því fram og byggir á að um sök hafi verið að ræða, beri sönnunarbyrðina um að svo hafi verið. Engin gögn liggi fyrir í málinu um slíkt og það sé því með öllu ósannað.

13. Stefnu telja að umrædd hurð sé hefðbundin rafdrifin hurð, sett upp af söluaðila og stillt af honum eins og venja sé. Ekki liggi annað fyrir en að hurðin hafi verkað eins og til sé ætlast og geri enn. Hvorki hafi komið fram galli á hurðinni né hún bilað. Eðli slíkra hurða sé að opnast þegar gengið er að þeim og lokast þegar hreyfing hefur ekki verið skynjuð í nokkurn tíma. Til að það gerist sé hreyfiskynjari báðum megin á hurðinni fyrir opnun og lokun hurðarinnar. Hurðin sé einnig búin viðnámsskynjara sem stoppi hana þegar hún er að lokast ef einhver fyrirstaða er á þeirri leið og opnast hurðin þá aftur. Það að sjálfvirk rafmagnshurð lokist þegar skynjari nemur ekki hreyfingu sé því hvorki bilun, galli eða vanstilling, heldur virki hurðin þá nákvæmlega eins og henni sé ætlað að gera. Sú staðreynd að stefnandi hafi staðnæmst í dyragættinni hafi þannig orðið til þess að hreyfing hafi ekki verið numin og lokun hurðarinnar af þeim sökum verið eðlileg. Stefnu hafna því alfarið sem röngu og ósönnuðu að viðnámsskynjari hurðarinnar hafi verið bilaður, gallaður eða rangt stilltur. Stefnandi hafi enda enga grein gert fyrir því að hvaða leyti þessu hafi verið ábótavant þannig að um sök sé að ræða. Stefnu taka sérstaklega fram að það að stilla skynjara á hurðinni sé ekki viðgerð eða feli í sér saknæmi. Það geri heldur ekki að verkum að þeirri stillingu sem hafi verið á hurðinni áður hafi á einhvern hátt verið ábótavant þannig að saknæmt sé. Stefnandi, sem haldi því fram og vilji byggja kröfur á því, beri að öllu leyti sönnunarbyrðina en engin gögn hafi verið lögð fram um það hvernig skynjari sem þessi skuli vera stilltur og þá að hvaða leyti vikið hafi verið frá því svo saknæmt sé. Stefnandi hafi þannig ekki fært fram neitt sem sanni hvort, og þá að hvaða leyti, skynjarinn hafi verið vanstilltur, og það sé því að öllu leyti ósannað.

14. Þeim málatilbúnaði stefnanda að viðgerð hafi farið fram á hurðinni eftir atvikið er sérstaklega mótmælt. Telja stefnu vætti fyrrum starfsmanns Endurvinnslunnar sem stefnandi vísi sérstaklega til um það atriði alls ekki staðfesta að hurðin hafi verið biluð. Ætluð bilun og eftirfarandi viðgerð sé því með öllu ósönnuð og verði ekkert á því byggt. Áskorun stefnanda um framlagningu gagna um viðgerð sé stefnu ekki mögulegt að verða við því að engin slík gögn séu til þar sem engin viðgerð hafi farið fram. Stefnu telja ekki annað liggja fyrir í málinu en að umrædd hurð hafi verið fyllilega í lagi og rétt stillt, auk þess að uppfylla allar kröfur sem gera megi til slíkra hurða, en annað sé ósannað. Stefnu vekja í því sambandi athygli á að stefnandi hafi ekki gert grein fyrir

því að hvaða leyti hurðin hafi ekki uppfyllt kröfur og það sé því að öllu leyti ósannað að svo hafi ekki verið.

15. Stefnu hafna því að tilvitnuð ákvæði byggingarreglugerðar nr. 112/2012 eigi við. Ekki liggi annað fyrir en að byggingin sem og aðalinngangur hennar hafi hentað til þeirra nota sem til var ætlast. Inngangur í húsið sé skýrt afmarkaður og greinilegur hverjum þeim sem komi að húsinu og ekki annað að sjá en auðvelt sé að ganga þar í gegnum. Þá sé ósannað annað en að hurðin hafi haft þann búnað sem þurfi, bæði til að opna og loka, enda hafi stefnandi farið inn um dyrnar skömmu áður. Jafnframt sé ósannað að þessi hurð hafi verið eitthvað hættulegri en aðrar sambærilegar hurðir. Ekki sé vitað um að slys hafi orðið þegar gengið hafi verið um dyrnar og ekki liggi annað fyrir í málinu en að búnaður hafi virkað eðlilega og eins og til sé ætlast þau ár sem hurðin hafi verið fyrir húsinu. Stefnu telja af öllu framangreindu ljóst að á engan hátt hafi meintum vanbúnaði hurðarinnar, meintri bilun í búnaði hennar eða því að hurðin hafi verið gölluð, verið um að kenna að stefnandi missti jafnvægið og datt. Það hafi eingöngu gerst vegna atvika sem varði stefnanda sjálfa, það að hún hafi ekki farið nógu varlega þegar hún fór þar um. Enda hafi hurðin sjálf ekki neina sérstaka hættueiginleika sem leiði til ábyrgðar ef slys verða við notkun hennar og það sé ekkert hættulegra að umgangast slíka hurð en ýmis önnur mannvirki, ef gætt er eðlilegrar varúðar. Verði ekki fallist á sýknu byggja stefndu á því að skipta beri sök og gera stefnanda að bera meirihluta tjónsins sjálf. Þetta byggist sömuleiðis á því að stefnandi hafi sýnt af sér aðgæsluleysi og leiði almennar reglur um eigin sök til þess að hún verði af þeim sökum að bera hluta tjóns síns sjálf. Sömu rök og sjónarmið eigi við um það og um sýknukröfuna og er vísað til þeirra, eftir því sem við á.

Niðurstaða

16. Í máli þessu er margt óljóst um atvik að baki því er stefnandi féll í gólfið og slasaðist í húsi Endurvinnslunnar hf. að Dalvegi 28 í Kópavogi þann 19. nóvember 2015. Ekki leikur þó að mati dómsins vafi á að starfsstöð stefnda Endurvinnslunnar, sem opin er almenningi og starfrækt á grundvelli sérstaks lögbundins sérleyfis, verður að lúta ströngum reglum um að allur umbúnaður sé þannig að almenningi stafi ekki hættu af notkun hans. Stefnandi, Endurvinnslan, verður því að mati dómsins að standa þannig að uppsetningu, viðhaldi og eftirliti með starfsstöðinni að allt sé gert sem sanngjarnt er og eðlilegt að ætlast til, til að tryggja sem best öryggi almennings sem nýtir sér þá þjónustu sem þar er í boði. Í þessu ljósi verður að taka undir með stefnanda að afar óheppilegt sé að stefndi, Endurvinnslan, hafi ekki getað upplýst hverjir voru kallaðir til og hvaða

ráðstafanir voru gerðar til að ganga úr skugga um að hurðarumbúnaður sá sem stefnandi telur að hafi valdið slysinu hafi verið rétt stilltur og ekki bilaður er atvik máls þessa urðu.

17. Í málinu liggja ekki fyrir nákvæmar upplýsingar um tæknilega eiginleika þeirrar rafdrifnu rennihurðar sem upp var sett í starfstöð stefnda og stefnandi telur að hafi valdið slysinu. Þá liggur ekki fyrir hvort búnaði eða stillingu hurðarinnar hafi verið breytt á einhvern hátt frá því að slysið varð. Einkum á þetta við um það sem stefnandi heldur fram að eigi að hafa verið hluti búnaðarins sem er sjónskynjari (innrauður skynjari) eða ljósagirðing sem ætlað er að koma í veg fyrir að hurðin lokist ef einhver er fyrir braut hurðarflekans. Hurðir sem rafmótor er notaður til að opna og loka falla undir reglugerð um vélar og tæknilegan búnað nr. 1005/2009 sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum til innleiðingar á tilskipun nr. 2006/42/EB, um vélar og tæknilegan búnað. Slíkur útbúnaður skal fullnægja grunnkröfum um heilsuvernd og öryggi í tengslum við hönnun og smíði véla sem nánar eru útfærðar í viðaukum sem fylgja tilskipuninni og þær skulu vera CE-merktar. Þá hafa til fyllingar nefndum grunnreglum verið settir staðlar þar sem fram kemur hvaða aðferðir hægt er að nota til að tryggja öryggi viðkomandi búnaðar. Þannig fjallar staðallinn ÍST EN 12453 sem í gildi var er búnaðurinn sem mál þetta varðar var settur upp um öryggi við notkun rafdrifinna hurða og kvað á um það meðal annars hvaða öryggisbúnaður skyldi vera tengdur slíkum búnaði til að koma í veg fyrir hættu. Búnaður sem ætlaður var til nota fyrir almenning gat samkvæmt nefndum staðli verið útbúinn á tvo vegu. Annað hvort með búnaði sem nemur að eitthvað sé á ferð við hurðina, hreyfiskynjara en þá skal fylgja búnaður til að koma í veg fyrir að menn kremjast í hurðargatinu og hurðin vera búin mótor sem hægt er að stilla miðað við tiltekið viðnám. Þegar búnaðurinn verður fyrir ákveðnu álagi eða viðnámi, þá stöðvast hann og fer til baka. Hinn kosturinn var að hafa búnað sem skynjar nærveru eða fyrirstöðu og tryggir þannig að undir engum kringumstæðum geti einstaklingur verið snertur af hurð á hreyfingu. Undir þetta falla til dæmis innrauðir skynjarar eða ljósagirðingar.

18. Að virtum málatilbúnaði aðila, þeim gögnum sem liggja fyrir dóminum og því sem fram kom við skoðun á umbúnaði á starfsstöð stefnda Endurvinnslunnar í vettvangsgöngu er ljóst að hin umþrætta hurð var búin hreyfiskynjurum að utan og innan og mótor sem stilltur var miðað við tiltekið viðnám og stöðvaðist og sneri við er hurðin lenti á manni sem stóð kyrr í braut hurðarinnar. Varð ekki annað ráðið af þessu en að umbúnaður hurðarinnar hafi verið í samræmi við þær kröfur sem framangreindir staðlar um öryggis-útbúnað rafdrifinna rennihurða áskilja. Þá er ekki fram komið að umbúnaður af þessum toga sé óvenjulegur eða hafi ríkari hættueiginleika en sambærilegur búnaður fyrir dyragötum eða á lyftum hefur endranær. Samkvæmt almennti reynslu krefst notkun og

umgengni um slíkar hurðir vissrar aðgæslu á sambærilegan hátt og hurðapumpur eða hverfihurðir, þannig að þeir sem um dyr fara sýni aðgát og gæti þess að verða ekki fyrir hurðarflekunum. Eins og að framan er getið er ekki vansalaust, sérstaklega í ljósi hlutverks stefnda, Endurvinnslunnar, og sérstöðu að lögum, að ekki hafi verið unnt að sýna fram á hvernig félagið sinnir viðhaldi og eftirliti með margnefndri rafdrifinni rennihurð. Hvað sem þessu líður verður ekki talið að stefnandi hafi sýnt fram á að bilun eða vanstilling hafi verið á hurðarbúnaði á móttökustöð stefnda, Endurvinnslunnar hf., að Dalvegi 28 í Kópavogi þegar hún varð fyrir slysi þar hinn 19. nóvember 2015. Verður því að leggja til grundvallar að slys stefnanda hafi orðið vegna óhappatilviks en ekki vegna vanbúnaðar eða vanrækslu stefnda, Endurvinnslunnar hf., sem telja megi saknæma. Því ber að sýkna stefndu af kröfum stefnanda en rétt þykir í ljósi atvika máls að málskostnaður milli aðila falli niður. Gjafsóknarþóknun lögmanns stefnanda þykir hæfilega ákveðin eins og greinir í dómsorði. Af hálfu stefnanda flutti málið Guðbrandur Jóhannesson lögmaður. Af hálfu stefndu flutti málið Svanhvít Axelsdóttir lögmaður. Málið dæmdu dómsformaðurinn, Ástráður Haraldsson héraðsdómari, Ásgerður Ragnarsdóttir héraðsdómari og Ágúst Ágústsson iðnaðartæknifræðingur.

Dómsorð:

Stefndu, Endurvinnslan hf. og Vátryggingafélag Íslands hf., eru sýknir af kröfu stefnanda, A. Málskostnaður fellur niður. Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar, Guðbrands Jóhannessonar, 1.800.000 krónur.

Ástráður Haraldsson

Ásgerður Ragnarsdóttir

Ágúst Ágústsson